



Fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 23. nóvember 2016 kl. 12 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík. Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson og Gunnar Gíslason. Enn fremur sátu fundinn Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Breytingar á skipuriti.
2. Breytingar á gerð tillagna um rekstur og fjármál vegna nýrra laga um opinber fjármál.
3. Staða rekstraráætlunar 2016, 1. nóv. 2016.
4. Staða starfsáætlunar 2016 1. nóv. 2016.
5. Tillögur að starfsáætlun 2017.
6. Drög að stefnu Þjóðskjalasafns 2017-2019.
7. Húsnæðismál.
8. Tvö miðlunarverkefni Þjóðskjalasafns.
9. Frágangur fundargerðar.

Anna Agnarsdóttir, formaður stjórnarnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

### 1. Breytingar á skipuriti.

Formaður hafði stuttan inngang að tillögum að breytingu á skipuriti og bað þjóðskjalavörð að kynna tillögurnar. Þjóðskjalavörður kynnti tillögur að breytingum á skipuriti safnsins. Í kjölfar uppsagnar sviðsstjóra upplýsingasviðs í sumar var ákveðið að meta hvort fýsilegt væri að beyta skipulagi stofnunarinnar með það fyrir augum að hagræða og einfalda, einkum í yfirstjórn safnsins, en jafnframt að auka hagkvæmni í starfsemi allri. Það er mat framkvæmdastjórnar safnsins að skynsamlegt sé að reyna nýtt skipulag og spara í yfirstjórninni. Með því að ráða ekki nýjan sviðsstjóra skapast svigrúm til annarra ráðninga eða verkkaupa. Lagt er til að fagsviðin verði aftur tvö. Verkefnum upplýsingasviðs verður komið fyrir á núverandi skjalasviði og vörslusviði. Við það verða til tvö ný svið sem heita upplýsinga- og skjalasvið og varðveislusvið og miðlunarsvið. Þannig verða viðtaka og skráning skjalasafna og aðgangur að þeim á sama sviði þ.e. upplýsinga- og skjalasviði. En varðveisla, rannsóknir og miðlun á varðveislusvið og miðlunarsviði. Þá er lagt til að fjármál, starfsmannahald og húsnæði verði lögð saman í eitt stoðsvið sem kallast rekstur. Þar verða tveir yfirmenn, fjármálastjóri og húsnæðisstjóri og heyra báðir undir þjóðskjalavörð. Það fækkar við þetta í framkvæmdastjórn um tvo, úr sex í fjóra.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Eiríkur G. Guðmundsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Helga Jóna Eiríksdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

### 2. Breytingar á gerð tillagna um rekstur og fjármál vegna nýrra laga um opinber fjármál.

Þjóðskjalavörður greindi frá forsendum og meginatriðum breytinganna. Í byrjun árs tóku í gildi ný lög um opinber fjármál (nr. 123/2015) sem munu hafa margvísleg áhrif á reikningsskilareglur



ríkisins. Samkvæmt nýju lögnum skulu reikningsskil ríkissjóðs vera samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IPSAS) en reikningsskil ríkisstofnana samkvæmt íslenskum ársreikningalögum. Lögin hafa einnig áhrif á áætlanagerð og stefnumótun stofnana. Þannig eiga stofnanir að skila stefnu fyrir árin 2017–2019 og ársáætlun fyrir árið 2017. Frestur var upphaflega gefinn til 10. nóvember en vegna skorts á upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur því verið frestað um óákveðinn tíma. Líklega þarf að bíða nýrrar ríkisstjórnar og fjárlagafrumvarps. En þær upplýsingar sem skortir er stefnumörkun málaflokka og áætlanir um væntanleg framlög á næsta ári, sem hvoru tveggja á að koma fram í frumvarpi til fjárlaga ársins 2017. Þjóðskjalasafn hefur fengið send ný sniðmát og leiðbeiningar til þess að vinna stefnumótunina í.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Gíslason, Helga Jóna Eiríksdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

### **3. Staða rekstraráætlunar 2016, 1. nóv. 2016.**

Þjóðskjalavörður skýrði í stuttu máli stöðu rekstraráætlunar sbr. útsent skjal. Skjalið sýnir stöðuna eins og hún er um þessar mundir. Þar kemur fram að staðan er jákvæð um 7 m.kr. Ýmsar stærðir vantar þó inn reksturinn. Ýmis kostnaður á eftir að falla til. En einnig eru ókomnar tekjur. Þannig vantar a.m.k. um 5 m.kr. af sértekjum og að sama skapi þarf að flytja álíka upphæð af sértekjum yfir á næsta ár vegna þess að kostnaður á móti þeim færist yfir á næsta ár (m.a. sameiginlegur vefur ríkiskjalasafna á Norðurlöndum sem ÞÍ stýrir vinnu við). Þá þarf að fá heimild til að færa hluta fjárheimilda vegna skönnunar og miðlunarverkefna héraðsskjalasafna yfir á næsta ár (3 m.kr.).

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Gunnar Gíslason og Anna Agnarsdóttir.

### **4. Staða starfsáætlunar 2016 1. nóv. 2016.**

Í starfsáætluninni fyrir núverandi ár eru 145 aðgerðir. Þar af hefur ekki verið hafist handa með 37 af þeim og auk þess hefur 12 verið frestað eða sett í bið. Þá er 36 aðgerðum lokið eða næstum lokið (lokið eða meira en 75%). 16 aðgerðir eru í vinnslu eða eru viðvarandi verk. Það hefur valdið töfum að tveir stjórnendur létu af störfum á miðju ári. En jafnframt er ljóst að með áætluninni hefur of mikið verið færst í fang. Áætlunin er því ekki nógu raunhæf en sýnir hve mörg brýn verkefni liggja fyrir. Þrátt fyrir að mörg verkefni hafa ekki náð fram að ganga hefur árangur ársins verið mikill og góður. Má þar nefna frágang og skráningu skjalasafna, tvö miðlunarverkefni safnsins, endurskoðun leiðbeininga og undirbúning að setningu nýrra reglna. Í máli nefndarmanna kom fram ánægja með áætlunina.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Helga Jóna Eiríksdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Jónsson, Svanhildur Bogadóttir og Gunnar Gíslason.



#### **5. Tillögur að starfsáætlun 2017.**

Þjóðskjalavörður kynnti drög að starfsáætlun næsta árs. Verkefni sem ekki náðist að hefja á þessu ári eða náðist ekki að ljúka við eru í nýrri starfsáætlun ásamt nýjum verkefnum.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Jónsson.

#### **6. Drög að stefnu Þjóðskjalasafns 2017-2019.**

Þjóðskjalavörður lagði fram vinnuskjöl og fór um þau nokkrum orðum. All nokkur vinna við þau er eftir en fullmótuð áætlun mun verða lögð fyrir nefndina á næsta fundi, sem líklega verður í febrúar 2017.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Helga Jóna Eiríksdóttir, Gunnar Gíslason og Anna Agnarsdóttir.

#### **7. Húsnæðismál.**

Þjóðskjalavörður vísaði til minnisblaðs sem sent var með fundarboði um húsnæðismál safnsins og greindi stuttlega frá innihaldi þess. Endurbætur á húsi 5 hafa lengi staðið fyrir dyrum. Áætlað var að framkvæmdir gætu hafist í apríl/maí á þessu ári og framkvæmdatími yrði rúmt ár. Endurnýja þurfti byggingaleyfi frá 2013 og urðu miklar tafir á afgreiðslu málsins í borgarkerfinu, nú vegna vankanta á afgreiðslu þess 2013. Sótt var um endurnýjað byggingaleyfi hjá skipulagsfulltrúa og tók mánuði að afgreiða það. Það var samþykkt í ágúst sl. en útgáfa skilyrt því að gerð yrði ný eignaskiptayfirlýsing lóðar. Hún var útbúin og lögð fyrir borgina til samþykktar í lok september og sex vikum síðar kom hún til baka og er nú í undirskriftaferli hjá eignaraðilum lóðarinnar. Heildarkostnaður endurbóta á húsi 5 er um 300 m.kr. Endurnýjun húss 5 færir safninu aukið geymslurými (nær 15 hillukílómetra) sem duga í um 10 ár miðað við venjulegar afhendingar. Unnið er að lokun hluta bílastæða safnsins (í portinu) en mikill bílastæðaskortur er í hverfinu og til að tryggja hagsmuni safns og starfsmanna og auka öryggi safnkosts þótti nauðsynlegt að stýra betur umferð bíla á lóðinni.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Eiríkur G. Guðmundsson, Helga Jóna Eiríksdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

#### **8. Tvö miðlunarverkefni Þjóðskjalasafns.**

Formaður hafði stuttan inngang að tveimur miðlunarverkefnum Þjóðskjalasafns og kynnti þjóðskjalavörður verkefnið. Eins og fram kemur í starfsáætlun Þjóðskjalasafns fyrir árið 2016 vinnur FamilySearch, fyrirtæki mormóna, að skönnun á lykilorðheimildum í safninu, prestþjónustubókum, manntölum, skiptabókum og fleiri heimildum. Um miðjan október var búið að afrita um 120 þúsund myndir úr um 800 bókum. Til þess að renna styrkari stoðum undir þetta verkefni festi Þjóðskjalasafn kaup á nýjum skanna fyrir kr. 5,9 m.kr. Mennta- og menningarmálaráðuneyti styrkti kaupin með 2,5 m.kr.



Þjóðskjalasafn Íslands, Sögufélag og Ríkisskjalasafn Danmerkur vinna saman að útgáfu skjala Landsnefndarinnar fyrri 1770–1771. Ritstjórar bókarinnar eru Hrefna Róbertsdóttir og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir starfsmenn Þjóðskjalasafns. Fyrsta bindi af sex kom út í apríl síðastliðnum við hátíðlega athöfn í Þjóðskjalasafni. Annað bindið kom formlega út á norræna skjaladeginum 12. nóvember 2016. Af því tilefni var ráðstefna í Þjóðskjalasafni, með þátttöku forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar og Asbjørn Hellum ríkisskjalavarðar Dana.

Til máls tóku Anna Agnarsdóttir, Eiríkur G. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson.

### **9. Frágangur fundargerðar.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:55.